



Korpúlfsstaðir Reykjavík 14.maí 2022 kl.13:00

Aðalfundur Sambands íslenskra myndlistarmanna

1. Kjör fundarstjóra
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar
4. Kjör formanns
5. Kjör stjórnar
6. Kosning eins fulltrúa í sambandsráð sbr.9.gr.
7. Kosning félagslegs skoðunarmanns og endurskoðanda til eins árs
8. Lagabreytingar
9. Ákvörðun félagsgjalds
10. Önnur mál

Allar samþykktir á aðalfundi verða að hljóta einfaldan meirihluta greiddra atkvæða

1. Sigurður Örn Hilmarsson hæstarrettarlögmaður hjá Rétti lögmannsstofu er samþykktur sem fundartjóri, hann leiðir fundinn í gegnum hefðbundin aðalfundarstörf.

Anna Eyjólfss formaður kynnir skýrslu stjórnar og um leið þakkar hún fyrir auðsýndann áhuga félagsmanna að bjóða sig fram til stjórnar SÍM og til nefnda og ráða. Ársskýrslan verður sýnileg einnig á heimasíðu SÍM. Formenn fagfélaga SÍM funduðu þrisvar og félagsmannafundir voru tveir. Sl. 2 ½ ár hafa litast af Covid og með því fundir haldnir margir á netinu. Tilnefningarnar SÍM í nefndir og ráð:

Myndlistarráð

Launasjóður myndlistarmanna úthlutunarnefnd

Kynningarmiðstöð íslenskra myndlistar:

Fulltrúaráð KÍM

Fagráð KÍM

Dómnefnd íslensku myndlistarverðlaunanna

Listasafn Íslands – Innkaupanefnd

Listskreytingasjóður ríkisins

Innkaupanefnd Listasafns Reykjavíkur

Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík

Stjórn Bandalags íslenskra listamanna (BÍL)

Fulltrúi BÍL í menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar

Muggur – úthlutunarnefnd

Stjórn Skaftfells (fulltrúi BÍL)

Myndstef – Myndhöfundasjóður Íslands

Höfundaréttarráð

Trúnaðarmaður SÍM vegna Samkeppna

Leikminjasafn Íslands

Listasafnsráð Listasafns Akureyrar

Stjórn Serrasjóðs

The Icelandic National Committee of IAA - International Association of Art

- 1. Verkefni og viðburðir Möppuviðtöl/portfolio viðtöl**, (skipulagðar heimsóknir erlendra sérfræðinga þar sem félagsmenn gátu kynnt sýna listsköpun) **Mánuður myndlistar 2021, Torg Listamessa 2022 , World art day 2022.**

Umsókir um styrki vegna verka ofl. Borgarhátíð – Korpúlfsstaðir menningarmiðstöð SÍM í Grafarvogi, útgáfa rita á vegum SÍM, Nordic Culture Point vor 2022, International sculpture symposium – Treencarnation. Önnur verkefni skrifstofu SÍM, rekur 2 sýningarrými, Sím salinn og Hlöðuloftið á Korpúlfsstöðum. Heimasíðan var endurhönnuð. Fréttabréf SÍM hefur komið út 1-2 skipti í viku. Félagsskírteini eru gefin út rafræn. IAA fundur var á netinu þetta árið. Artótekið rætt.

Rekstrarfélag Sím og Sím Residency rætt

Vinnustofur SÍM, 240 félagsmenn nýta vinnuaðstöðu sína í 9 vinnustofuhúsum víðsvegar um höfuðborgarsvæðið + Berlín.

Mál málanna- er barátta fyrir bættum kjörum og betra starfsumhverfi íslenskra myndlistarmanna : **Mótun myndlistarstefnu á Íslandi, endurskipulagning og stofnun Myndlistarmiðstöðvar, starfslaun listamanna. Rannsóknir á stöðu skapandi greina, Hagfræðilegar rannsóknir SÍM, Borgum listamönnum, Viðmiðunartaxtar, Korpúlfsstaðir opinber menningarmiðstöð í menningarstefnu Reykjavíkur, Listaháskóli Íslands, Stofnun fagráðs með listasöfnum landsins, Listskreytingasjóður ríkisins, Myndlistaráð, Myndlistasjóður, List tímaritið Myndlist á Íslandi, Heiðurslaun Alþingis.**

Framtíðin 2022-2023

- Stjórn SÍM hefur átt gott samstarf við stjórnir KÍM, BÍL, Myndstef, LHÍ og BHM síðustu árin.
- World Art Day 2023 (landsbyggðin)
- TORG Listamessa 2023 í Reykjavík verður haldin 14-16. okt og 22.-23. okt.
- Korpúlfsstaðir Menningarmiðstöð SÍM í Grafarvogi
- Ráðgjöf fyrir félagsmenn , umsóknaraðstoð v/styrkja ofl.
- Alþjóðlegt samstarf

Ath. skýrsla stjórnar er á heimasíðu félagsins.

Gerla bað um orðið:

Gerla sat í stjórn Listamannalauna, og kynnti sérhverjir geta sótt um starfslaun erlendis , þeir einu geta sótt um starfslaun í öðrum löndum þurfa að hafa lögheimili í landinu sem þau sækja um í.

Segir Gerla að sem skoðanamaður reikninga SÍM stendur tæpt fjárhagslega, hækka félagsgjöld eða hækkaða styrki, leigja salinn fyrir auglýsingar frekar en til listamanna í heilann mánuð (sýningar listamanna ættu að taka styttri tíma ca.viku). Vill að sú umræða sé tekin á fundinum að ræða fjármálin.

- 2. Reikningar , Ársreikningar SÍM fyrir 2021 eru fluttir af Ingibjörgu. (sjá ársreikning SÍM)**

Athugasemdir og spurningar:

Varð tap v/Covid varðandi erlenda gestalistamönnum? Jú , en hægt var að spara einnig á móti.

Er bara innri endurskoðun, utanaðkomandi? Árskýrsla er endurskoðað á utanaðkomandi endurskoðanda Júlíönnu Gísladóttur, en Gerla er félagslegur endurskoðandi.

Er ekki eðlilegra að sundurliða „annar rekstrarkostnaður SÍM“? sundurliðun er á bls. 8

Ólaunuð vinna, eru til skráðar tölur um hve mikla vinnu starfsmenn og félagsmenn hafa gefið?

Hefur aldrei verið tekið saman en mikið er um sjálfboðavinnu starfsmanna og formanns SÍM

Er rétt verðlagður salurinn? Því hann er einstakt rými sem stórfyrirtæki gætu borgað hærra fyrir leiguna en aðrir. Eðlileg leiga er tekin fyrir salinn þegar auglýsingaverkefni eru annars vegar.

Hagnaður kaffihússins á TORG? Er hagnaðurinn á kostnað starfsmannanna?

Starfsmenn SÍM gáfu vinnu sína, en þar fyrir utan stóð kaffihúsið vel undir sér.

Hugmynd er um að skrá samt sem áður niður þá tíma sem fólk vinnur í sjálfboðavinnu.

Ársreikningurinn er samþykktur af fundargestum.

3. Kjör formanns

Niðurstöður eru: 41,64% þátttaka

Formaður 78,67% Anna Eyjólf, Bryndís 18,01% auðir seðlar 3,32%

4. Kjör stjórnar

Hlynur Helga

Freyja Eilíf

Hannes Lárusson

Bryndís Hrönn

Þóra Karls 4.sæti

Wiola 3.sæti

önnurmál varamaður, vilyrði viðkomandi að gerast varamaður í stjórn?

Þóra Karls er á fundinum og býður sig fram sem varamaður í stjórn.

Er það rétt skilið að við getum kosið varmann um stjórn?

Samkvæmt lögum skal sá sem er í 3. sæti taki sæti varamanns í stjórn (eins og er í reglum félagsins) og ef sá hinn sami neiti þessu sæti þá geti frambjóðandi til varamannssætis tekið sæti.

Wiola hafnar varamannssætinu og þar með hlýtur Þóra Karlsdóttir sætið. Samþykkt.

5. Kosning eins fulltrúa í sambandsráð sbr.9.gr.

Hver gefur kost á sér? Einstaklingsaðildarfulltrúi SÍM.

Dóra Kristín Halldórsdóttir býður sig fram og er samþykkt

6. Kosning félagslegs skoðunarmanns og endurskoðanda til eins árs

Júlíana Gísladóttir og Gerla, Samþykkt

7. Félagsgjöld

Anna leggur til að gjaldið verði hækkað úr 20.000 í 24.000

Rúri segir 50.000 , „myndlist er atvinna“ og innheimta getur verið skipt til helminga.

Erfitt fyrir eldri borgara að stinga upp á aðrir borgi hærra þar sem þeir borga helming. Leggur til 30.000.

Finnst hækkun upp í 50.þ of mikil, gæti orðið flótti úr félaginu

Vill að séu fjárhagsleg rök fyrir hækkun félagsgjöldum af hálfu stjórnar.

Til að ná utan um rekstur félagsins þarf að hækka félagsmönnum að lágmarki 24.000.

Tillaga um 26.000

Rúri lækka niðrí 32.000

Öll félagsgjöld fara eingöngu inn í starfsemi SÍM

Innheimta 2x á ári og þetta er frádráttarbært frá skatti ef viðkomandi er listamaður að atvinnu.

Greitt atkvæði um tillögu stjórnar fyrst og svo breytum.

Árgjald er ákveðið kr. 24.000 samþykkt

Önnur mál

Ályktun 1:

Rúri talar, Stjórn SÍM sendir kröfu á Lilju menningarmálaráðherra að byggt verði nýtt hús fyrir Listasafn Íslands. Engin örugg geymsla er til í landinu undir menningarverðmæti landsins. Að húsnæðið uppfylla allar þær kröfur, að geymslur séu eins og best verða á kosnar. Samþykkt

Ályktun 2:

Listskreytingarsjóður. Framlag í sjóðinn er samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni. SÍM hefur margoft gert alvarlegar athugasemdir við lágt framlag í sjóðinn, en eftir bankahrunið 2008 lækkaði framlagið í 1,5 milljón og átti það bara að vera tímabundin ráðstöfun. SÍM hefur undanfarin ár sent ýtrekuð erindi til ráðherra og eins átt fundi með ráðherra til að ræða stöðu sjóðsins, en ekkert framlag hefur verið í sjóðinn s.l. tvö ár. Samþykkt að halda baráttunni áfram og senda ítrekunarbref til menningarmálaráðherra þess efnis að úr verði bætt. Samþykkt

Ályktun 3:

Vinnustofumál, óskað er eftir að þær reglur sem gilda um vinnustofuhús SÍM, að ekki sé hægt að leigja vinnustofu í sama vinnustofuhúsi lengur en í 9 ár, séu samþykktar. Þessar reglur gilda um öll vinnustofuhús SÍM, en því miður er tímabundinn leigusamningur um flest hús, tvö ár til sjö ár. Samþykkt.

Ályktun 4:

Beðið er um með formlegum hætti að komast að því hversu mikla sjálfboðavinnu listamenn hafa unnið eins og td á Korpúlfsstöðum, hér á árum áður. Þetta höfum við gert og þetta er krónutalan. Að taka saman upphæð sem hægt væri að sýna fram á til ríkis og borgar. Stjórn SÍM mun gera könnun.

Fundi slitið kl.15:30

Fundarritari:

Elísabet Stefánsdóttir